

Nr. 039 / 13 Ágúst GK 95***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1401
Smíðaður: Noregur 1974, stál
Stærð: 446 brl. 601 bt.
Mesta lengd: 52,82 m *Skráð lengd:* 48,46 m
Breidd: 8,2 m *Dýpt:* 6,45 m
Vél: Wichmann 727 kW, 1974
Fjöldi skipverja: 14



Ágúst©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. desember 2012 var Ágúst GK 95 við bryggju í Grindavík.

Skipverji var að vinna við að taka tvær smurolútunnur um borð. Þegar hann hafði komið seinni tunnunni fyrir ætlaði hann að snúa henni með því að taka í aðra löggina og spynti með öðrum fætinum. Hann rann til hliðar og fann til sársauka sem jókst eftir því sem frá leið. Liðþófi hafði rifnað.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn salasaða var sleipa á þilfarinu vegna krapa og blóðvatns (slors) úr fiskikörum, en verið var að landa aflanum;
- að smurolútunnurnar voru 200 lítra stáltunnur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.